

2022 | APRÍL
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



ÁHÆTTUÞÆTTIR TENGDIR
ÚTGÁFU OG MEÐFERÐ RAFEYRIS

Fræðsluefni vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum um útgáfu og meðferð rafeyris og umboðsaðila þeirra sem sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættuflokkun í starfsemi þeirra. Áhættuflokkun er grundvöllur þeirrar lagaskyldu sem kveðið er á um í 5. gr. laganna, um að tilkynningarskyldir aðilar framkvæmi skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir á leiðbeiningum Financial Action Task Force (FATF) um áhættumiðað eftirlit fyrir fram greidd kort, farsímagreiðslur og netgreiðslur¹ og viðmiðunarreglum EBA um áhættuþætti², eftir því sem við á.

1. Guidance for a Risk-Based Approach to Prepaid Cards, Mobile Payments and Internet-Based Payment Services.

2. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu).

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða

flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru

fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a-c almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Áhættuþættir vegna rafeyris

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 að framkvæma skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Í því felst að við mat á áhættunni skal taka mið af áhættuþáttum sem tengjast m.a. viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumati er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættuþættir, ýmist einir og sér eða saman, geta aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað áhættu. Áhættuþættirnir eru ekki tæmandi taldir hér og eru settir fram í dæmaskyni.

1. Áhættuþættir tengdir vörum, þjónustu og viðskiptum

Aðilar sem að gefa út og meðhöndla rafeyri ættu m.a að leggja mat á áhættu út frá viðmiðunarmörkum (e. thresholds), fjármögnunarleiðum (e. funding), notagildi og framseljanleika (e. utility and negotiability) á vörum, þjónustu og viðskiptum.

Viðmiðunarmörk

Dæmi um þætti sem geta *aukið* áhættu:

- i. varan heimilar að hægt sé að leggja inn og taka út háar eða ótakmarkaðar fjárhæðir þ.á.m. beinar reiðufjárúttektir;
- ii. varan er ekki með takmörk á fjölda greiðslna, innborgana eða úttekta þ.á.m beinum reiðufjárúttektum;
- iii. hægt er að geyma háar eða ótakmarkaðar fjárhæðir inn á rafeyrisvöru/reikning.

Dæmi um þætti sem að geta *dregið* úr áhættu:

- i. varan er með takmörk á fjárhæð greiðslna, úttektum og innlögnum þ.á.m reiðufjárúttektum (tilkynningarskyldir aðilar skulu þó vera meðvitaðir um að lág fjárhæðarmörk draga ekki ein og sér úr áhættu tengda fjármögnun hryðjuverka);
- ii. varan er með hámark á fjölda greiðslna, úttekta og innlagna þ.á.m reiðufjárúttekta á ákveðnu tímabili;
- iii. varan er með fjárhæðarmörk á heildarinnlög inn á rafeyrisvöru/reikning hverju sinni.

Fjármögnunarleið

Dæmi um þætti sem geta *aukið* áhættu:

- i. heimilt að leggja inn á vöruna nafnlaust t.d. með reiðufé, nafnlausum rafeyri eða rafeyrisvöru sem fellur undir undanþáguheimild 9. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins 2015/849;
- ii. heimilt að fjármagna vöruna með greiðslum frá nafnlausum þriðja aðila;

- iii. heimilt að fjármagna vöruna með öðrum rafeyrisvörum;
- iv. engin fjárhæðarmörk eru á inneign á fyrir fram greiddum korti, hvorki í upphafi né síðar þegar meira er greitt inn á kortið.

Dæmi um þætti sem að geta *dregið* úr áhættu:

- i. fjármagn sem notað er til kaupa eða endurhleðslu á rafeyri sannanlega teknir út af reikningi í nafni viðskiptamannsins hjá lána- eða fjármálastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Notagildi og framseljanleiki

Dæmi um þætti sem geta *aukið* áhættu:

- i. varan heimilar millifærslur milli einstaklinga;
- ii. hægt að nota vöruna sem greiðslumiðil hjá fjölda kaupmanna og sölustaða;
- iii. varan hönnuð sérstaklega til að vera greiðslumiðill hjá söluaðilum sem stunda;
- iv. viðskipti með vörur og þjónustu sem talin eru tengjast aukinni hættu á fjármunaglæpum, s.s. fjárhættuspil á netinu;
- v. hægt að nota vöruna sem greiðslumiðil í viðskiptum yfir landamæri og í mismunandi löndum;
- vi. varan hönnuð til að vera nýtt af öðrum aðila en viðskiptamanninum, s.s. ákveðnar tegundir fyrir fram greiddra korta (þó ekki verðlítill gjafakort);
- vii. varan heimilar háar reiðufjárúttektir;
- viii. varan er fyrir fram greitt kort en hefur alla eiginleika almenns greiðslukorts.

Dæmi um þætti sem að geta *dregið* úr áhættu:

- i. varan heimilar ekki eða setur ströng skilyrði fyrir reiðufjárúttektum;
- ii. aðeins hægt að nota vöruna innanlands;

- iii. aðeins hægt að nota sem greiðslumiðil hjá afmörkuðum hópi kaupmanna og sölustaða þar sem útgefandi rafeyrisins hefur þekkingu á starfseminni;
- iv. varan sérstaklega hönnuð til takmarkaðrar notkunar hjá söluaðilum sem bjóða upp á vörur og þjónustu sem tengjast hættu á fjármunabrotum;
- v. aðeins hægt að nota sem greiðslumiðil fyrir tiltekna áhættulitla vörur og þjónustu.

2. Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni

Aðilar sem gefa út og meðhöndla rafeyri skulu áhættuflokka viðskiptamenn sína út frá mati á áhættuþáttum tengdum peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með hliðsjón af þáttum sem snúa að stöðu og eðli viðskiptamanns.

Dæmi um þætti sem að geta *aukið* áhættu:

- i. viðskiptamaður kaupir mismunandi rafeyrisvörur frá sama útgefanda, leggur inn á þær reglulega eða tekur út reiðufé á stuttu tímabili og án sýnilegs efnahagslegs tilgangs;
- ii. fjárhæð viðskipta/greiðslna (e. transactions) viðskiptamanns eru alltaf rétt undir fjárhæðarmörkum/færsluviðmiði;
- iii. varan virðist notuð af fleiri en einum viðskiptamanni og þeir hafa ekki sannað á sér deili gagnvart útgefanda, t.d. notkun frá mismunandi vistföngum (e. IP addresses) á sama tíma;
- iv. tíðar breytingar á persónuupplýsingum viðskiptamanns, s.s. heimilisfangi, vistfangi eða upplýsingum tengdum bankareikningum;
- v. varan ekki notuð eins og lagt er upp með hjá útgefanda, t.d. vara notuð erlendis en er hönnuð sem gjafakort fyrir verslunarmiðstöðvar;
- vi. viðskiptamaður mætir ekki í eigin persónu á starfsstöð þjónustuveitanda.

Dæmi um þætti sem að geta *dregið* úr áhættu:

- i. varan stendur aðeins tilteknum hópi viðskiptamanna til boða, s.s. fyrirtækjakort fyrir starfsfólk til að greiða fyrir útlagðan kostnað.

3. Áhættuþættir tengdir löndum og svæðum

Dæmi um þætti sem að geta *aukið* áhættu:

- i. lönd eða landsvæði sem eru þekkt fyrir að fjármagna og styðja hryðjuverk,³ eða þar sem hryðjuverkasamtök starfa;
- ii. lönd þar sem vitað er að umfangsmikil skipulögð brotastarfsemi þrífist, spilling og annars konar glæpastarfsemi (þ. á m. gegnumferðarlönd fyrir fíkniefnasölu, mansal og ólögleg fjárhættuspil);
- iii. lönd sem sæta þvingunarráðstöfunum eða annars konar viðurlögum af hálfu alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna;
- iv. lönd sem eru þekkt fyrir veika stjórnskipan, löggæslu og regluverk, þar á meðal ríki sem FATF hefur skilgreint sem ríki með veikt eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
- v. viðskiptamaður eða umboðsmaður hans er með aðsetur í landi sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
- vi. fjármagn sem notað er í viðskiptunum kemur frá landi sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

3. Þekkt samkvæmt trúverðugum heimildum frá viðurkenndum alþjóðastofnunum á heimsvísu og öðrum aðilum sem gefa upp slíkar upplýsingar opinberlega. Þetta geta verið FATF (Financial Action Task Force) og sambærilegir aðilar, auk alþjóðlegra aðila eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Bank og Egmont Group of Financial Intelligence Units.

4. Áhættuþættir tengdir dreifileiðum

Áður en gerður er samningur við milligönguaðila/söluaðila um dreifingu þarf útgefandi rafeyris að átta sig á eðli og tilgangi viðskipta aðilans í því skyni að ganga úr skugga um að vara og þjónusta söluaðilans séu lögmæt auk þess að leggja mat á áhættu tengda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í rekstri og viðskiptum söluaðilans. Ef um söluaðila er að ræða sem býður upp á netviðskipti þá þurfa tilkynningarskyldir aðilar jafnframt að skilja markhóp söluaðilans og leggja mat á væntanlegt umfang færslna og fjárhæð viðskipta í því skyni að geta greint frávik og grunsamleg viðskipti.

Dæmi um þætti sem að geta *aukið* áhættu:

- i. dreifing í gegnum netið án fullnægjandi varna, s.s. rafræna skilríkja sem uppfylla skilyrði laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og annarra svikavarna;
- ii. dreifing í gegnum milligönguaðilar sem eru ekki sjálfir tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og útgefandi rafeyrisins:
 - reiðir sig á milligönguaðilann til að framkvæma hluta af skyldum útgefanda samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
 - hefur ekki tryggt að aðgerðir milligönguaðilans séu í samræmi við lög og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
 - skiptir þjónustunni í þætti sem unnir eru af mismunandi aðilum, þ.e. meðferð og útgáfa rafeyris skipt milli sjálfstæðra þjónustuaðila þar sem skortir yfirsýn og samhæfingu.

